



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2005

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 112/2000 um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum, þskj. 8, 8.mál.

Þetta frumvarp er mjög í anda tillagna sem frá BSRB hafa komið allar götur frá því að af alvöru var farið að ræða stjórnkerfisbreytingar á Ríkisútvarpinu fyrir tæpum tveimur áratugum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir aukinni áherslu á innlenda dagskrárgerð.

Með frumvarpinu er komið í veg fyrir að stjórnarmeirihluti á Alþingi ráði yfir stofnuninni. Þannig er losað um pólitísk tengsl án þess þó að rjúfa sambandið við lýðræðislega fulltrúa eigenda Ríkisútvarpsins.

Fjölgað er aðilum sem veita RÚV aðhald og eiga að tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um stofnunina.

Innri stjórn stofnunarinnar er eflað og gerð markvissari.

Lýðræðisleg aðkoma starfsmanna aukin. Þetta er lykilatriði að mati BSRB.

BSRB styður frumvarpið eindregið.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read "Svanhildur Höldórsdóttir".
Svanhildur Höldórsdóttir